

Fremstu hljóðlistamenn norðurslóða

● Verk í minningu fuglanna sem brunu í Eden og laglína spiluð fyrir hnúfubaka af dórófón

Júlía Margrét Alexandersdóttir
julia@mbl.is

Hljóðlistamenn frá Grænlandi, Færeyjum, Svalbarða, Norður-Noregi og Íslandi eiga verk á farandsýningunni *Horizonic* sem stendur yfir í Listasafni Árnésinga. Sýningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík en skipulögð af tímaritinu *ARTnord* sem kemur út í París. Sérhefti tímaritsins, tileinkað verkefninu, hefur þá verið gefið út.

„Á þessari sýningu erum við búin að safna saman listamönnum frá útjaðri Norðurlandanna og þetta er dálítið úrtak af því sem er að gerast á þessu landsvæði í hljóðlist,“ segir Ásdís Ólafsdóttir listfræðingur og annar sýningastjóra *Horizonic* en auk hennar hefur Emeline Eudes umsjón með sýningunni.

„Það má segja að þetta sé sýning sem allir geta haft gaman af og ekki síður börn.“ Ásdís segir listgreinina vera í mikilli uppsveiflu og segir hvert verkið öðru forvitnilegra. „Má nefna verk sænsku listakvennanna Ásu Stjerna og Catrin Anderson en sú síðarnefnda hefur tekið myndir af frosinni jörð á Svalbarða og sett upp þannig að þær minna á stjörnuþokur. Um leið eru spiluð hljóð sem tekín eru upp á rannsóknarstöð á Svalbarða og Anderson vann frekar með.“

Gengið inn í verk

Frá Noregi koma Amund Sjølie Sveen og Elin Øyen Vister með verk sín en Elin vinnur með hljóð sjófuglsins ritunnar og með því að hreyfa hendur sínar og líkama fyrir framan stafi sem Vister hefur útbúið geta gestir sjálfir leikið sér með hljóðin. Þá er færeyska tónskáldið Goodiepal með hljóðverk en hann hefur vakið mikla athygli fyrir óvenjuleg verk sín og frá Grænlandi koma Iben Mondrup og Jessie Kleemann en þær eru brautryðjendur í notkun hljóðs í grænlenskri sjónlist.

Íslensku listamennirnir á sýningunni eru þrír. Dodda Maggý er yngsti listamaður allrar sýningarinnar en verk hennar byggja jafnt á hljóði sem og hljóðlausum myndum sem minna ekki síður á tónlist.


„Verk Doddu Maggýjar er sérstakt að því leyti að þetta er hljóðlaust hljóðverk en hún tók ljósmyndir sem hún raðaði saman. Hljóðlistamenn taka stundum upp hljóð úr náttúrunni en hún tók myndir í staðinn og raðaði þeim svip að upp og hún væri að setja saman hljóðverk og myndirnar gefa til kynna hrynjandi, liti og alls kyns blæbrigði. Verkinu er varpað á gegnsett tjalld og hægt er að ganga á bak við það og hálflynt inni í því.“

Spilað fyrir hnúfubaka

Íslensku listamennirnir Halldór Úlfarsson og Kira Kira, Kristín Björk Kristjánsdóttir, eiga verk á sýningunni sem eru einnig forvitnileg. Halldór hefur unnið að því að þróa hljóðfæri, svokallaðan dórófón, hljóðfæri sem minnir um margt á selló og hefur verið aðlagð að eiginleikum þess en hljómur þess fæst með því að enduróma strengina á stýrðan máta.

„Hildur Guðnadóttir sellóleikari samdi tónverk fyrir dórófón og við sýnum myndband af því verki. Halldór fór á sjó til að kanna möguleika á samtali milli dýrategunda og hann spilaði tónlist dórófónsins fyrir hnúfubaka en dórófóninn hljómar stundum eins og söngur hnúfubaka en þeir eru mjög söngelskir. Það er því spennandi að sjá hvort laglína sem Halldór spilaði fyrir þá smelli inn hjá þeim á næsta ári, en þetta er því verk í vinnslu. Við sýnum einnig hljóðfærið sjálft þarna og myndband af því þegar Halldór fer út á sjó sem og ýmislegt er tengist verkefninu.“

Kira Kira hefur spreytt sig á ýmsu og fyrir sýninguna hélt hún í rústir Eden í Hveragerði sem brann á síðasta ári. Þar gerði listakonan hljóðinnsetningu þar sem hljóð og ljós voru látin blása lífi í yfirgefnar rústir veitingastaðarins. Verkið er sérstaklega tileinkað minningu þeirra fugla sem urðu eldinum að bráð. Sýningunni lýkur 1. júlí og Bryndís segir sýninguna tilvalinn áfangastað fyrir fjölskylduna í smá bíltúr út fyrir borgarmörkin.



Samruni Dodda Maggý inni í verki sínu sem er eins konar hljóðlaust myndband sem minnir þó á tónlist.



Aðstandendur Sýningarstjóra Horizonic eru Emeline Eudes og Ásdís Ólafsdóttir listfræðingar en hér eru þær með sýningarhönnuðinum Dorothee Nourisson. Ásdís segir verk listamanna hífða til ungra sem aldinna.

